

# Miðlæg bókasafnskerfi á Norðurlöndum



## Inngangur

Undanfarna mánuði hafa ýmsir velt fyrir sér hvort núverandi rekstrarform Landskerfis bókasafna sé hentugt og er það í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins á þessu sviði, þar sem boðað er að skipaður verði starfshópur til að endurmeta starfsemi fyrirtækisins.<sup>1</sup> Í stjórn Landskerfis bókasafna var spurt hvernig miðlæg bókasafnskerfi væru rekin annars staðar á Norðurlöndum og það sem hér fer á eftir er tilraun til að svara þeirri spurningu. Er þá meðal annars stuðst við skýrslu um BIBSYS, norska bókasafnskerfið og samnefnda stofnun sem rekur það, auk samtala við sérfræðinga hjá þjóðbókasöfnum Dana, Svía og Finna.

## Noregur

BIBSYS heyrir undir norska tækni- og náttúrufræðiháskóla (NTNU) en stjórn þess er tilnefnd af menntunar- og rannsóknarmálaráðuneytinu.<sup>2</sup> Stofnunin veitir háskóla- og rannsóknarbókasöfnum þjónustu í formi aðgangs að heilsteyptu bókasafnskerfi sínu sem kallast BIBSYS ILS eða BIBSYS Integrated Library System. Nefnd á vegum norska menntunar- og rannsóknarmálaráðuneytisins var falið að lýsa verkefnum og rekstrarfyrirkomulagi BIBSYS, og gera tillögur um breytingar.<sup>3</sup> Nefndin leggur meðal annars til að gerð sé kröfufylsing um bókasafnskerfi, að hlutar af þróun BIBSYS ILS séu lagðir af en tilbúin kerfi keypt í staðinn, að BIBSYS sé breytt í þjónustu- og afurðastýrða stofnun fremur en tæknistýrða og að stjórn hennar sé sett saman út frá hæfni fremur en því hver sé fulltrúi hvaða hagsmunaaðila. Gerð er tillaga um að starfsemin sé fjármögðuð með þrennu móti eftir eðli verkefna, sumt séu þjóðarverkefni greidd úr ríkissjóði, annað verkefni tengd aðildarsöfnum, greidd af þeim, og enn annað einstök verkefni pöntuð og greidd af hlutaðeigandi verkbeiddanda.

Nefndin leggur til að BIBSYS sé breytt í hlutafélag í eigu menntunar- og rannsóknarmálaráðuneytisins.

BIBSYS ILS hýsir samskrá norsku bókasafnanna og var þróað með rannsóknarbókasöfn Noregs í huga með styrk frá Riksbibliotekstjenesten. Á árunum 1977-1990 urðu allir norskir háskólar aðilar að kerfinu og árið 1989 var það tekið í notkun fyrir þjóðbókaskrána. Nú eru aðildarsöfn um 100 talsins, flest háskólabókasöfn eða rannsóknarbókasöfn. BIBSYS ILS heldur utan um skráningu, aðföng og útlán og geymir nú upplýsingar um 4 milljónir titla og 11 milljónir eintaka; almenningsaðgangur er að kerfinu á Internetinu. Kerfinu fylgja hliðarkerfi, svo sem ForskDok og BIBSYS Emneportal, og er það síðarnefnda kerfi til að safna saman gagnlegum krækjum af Internetinu fyrir nemendur og starfsmenn aðildarstofnana. Þá sér stofnunin meðal annars um aðgang að alþjóðlegum gagnagrunnum, rekur myndagagnagrunn og veitir aðgang að gagnasöfnum um svonefnt zSök kerfi sem tengist meðal annars norrænu þjóðbókaskránum, öðrum en Gegni, með z39.50 rekli.

Þjóðbókasafnið og önnur skylduskilasöfn nota BIBSYS ILS fyrir þjóðbókaskrána, sem er samstarfsverkefni safnanna.

BIBSYS er skipt í fjórar deildir, þróun, rekstur, upplýsingadeild og tækni- og stjórnunardeild, og starfa þar um 40 sérfræðingar á sviði bókasafnsfræði, kerfisrekstrar, gagnasafna og hugbúnaðarþróunar.

Greiðslur aðildarstofnana til BIBSYS tengjast í megindráttum fjárhæð ríkisframlaga til þeirra. Í tilvikum þar sem ekki er unnt að fara eftir þeirri reglu er miðað við heildartekjur stofnunarinnar eða fjölda ársverka á bókasafninu. BIBSYS fær jafnframt árlegt framlag frá menntunar- og rannsóknarmálaráðuneytinu sem undanfarin ár hefur verið 3 milljónir norskra króna (um 30 milljónir íslenskra króna). Árið 2004 byrjaði stofnunin að innheimta sérstakt gjald fyrir tiltekna þjónustubætti sem skilgreindir voru sem sérþjónusta, svo sem myndagagnagrunn, ForskDok og gagnagrunna frá OVID. Heildartekjur BIBSYS á árinu 2004 voru um 36 milljónir norskra króna, þar af voru 3,4 milljónir greiðsla fyrir sérþjónustu.

1. *Stefna menntamálaráðuneytisins um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008*, bls. 33. Sjá <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/aredi.pdf>

2. Upplýsingar um eignarhald eru fengnar af vef BIBSYS: <http://www.bibsys.no/bibsys/bibsysshva.htm>

3. Skýrslan heitir BIBSYS: Framtidig organisering og oppgaver. Sjá [http://odin.dep.no/filarkiv/229007/bibsys\\_utredning\\_2004.pdf](http://odin.dep.no/filarkiv/229007/bibsys_utredning_2004.pdf)

## Svíþjóð

Konungsbókhlaðan í Stokkhólmi rekur sérstaka deild, BIBSAM, fyrir samhæfingu og þróun á landsvísu. Þessi deild sér meðal annars um samninga vegna aðgangs að gagnagrunnum fyrir háskólana eins og hvar.is gerir hér. Önnur deild í bókasafninu annast Libris, samskrá sænsku bókasafnanna, og starfa þar um 19 manns við rekstur og gerð kerfislausna. Aðildarsöfn Libris eru öðru fremur rannsóknarbókasöfn og eru þau 300 talsins (sbr. [www.kb.se](http://www.kb.se)).

Libris sér einnig um rekstur á [bibliotek.se](http://bibliotek.se), vef þar sem hægt er að leita með einni aðgerð í opinberum sænskum bókasöfnum, og er þetta kerfi þróað í samstarfi við hlutfélagið Bibliotekstjänst AB og kostað af ríkinu.<sup>4</sup> Í Svíþjóð eru nú hugmyndir uppi um að þróa Libris frekar svo það ráði við verkefni sem áður voru leyst í staðbundnum kerfum, og er þá einkum átt við útlán og aðföng. Staði það kerfi þá jafnfætis Gegni á Íslandi.

Aðildarsöfnin skrá í Libris og heitir hugbúnaðarkerfið sem notað er til þess Voyager. Notendur dreifðra bókasafnskerfa sækja bókfræðifærslur í Libris, og eru um 10 tegundir slíkra kerfa í notkun í Svíþjóð, þar af eru Aleph, Voyager og Millennium algengust. Að auki nota söfnin Libris til millisafnalána. Sjálf notar Konungsbókhlaðan Aleph 500 frá Ex Libris sem sitt bókasafnskerfi, og starfa við það 3 menn.<sup>5</sup>

Libris hefur nýlega opnað vefgátt og greiðir Konungsbókhlaðan fyrir gerð hennar og rekstur og er gert ráð fyrir að árlegur rekstarkostnaður verði 1,5-2 milljónir sænskra króna (13-19 milljónir íslenskar). Þessi gátt er umfram allt ætluð háskólasamfélaginu.

Í opinberri, sænskri skýrslu um Konungsbókhlaðuna og þekkingarsamfélagið (SOU 2003:129) er fjallað um uppbyggingu gagnaveitna fyrir mennta- og rannsóknakerfið undir heitinu *Sveriges nätbibliotek*.<sup>6</sup> Þar er hvatt til þess að Libris verði þróað frekar og gert að landskerfi bókasafna sem einnig bjóði upp á útlána- og aðfangabjónustu. Að sögn Christians Zeisings, sérfræðings hjá Konungsbókhlaðunni, er stefnt að því að hætta að nota annaðhvort Voyager eða Aleph innan tveggja ára, en hann segir óráðið enn hvort kerfanna verði látið víkja.

Libris er að formi til undir stjórn þjóðbókavardar (Riksbibliotekaren) sem styðst við ráðgjafanefnd, sem skipuð er yfirbókavörðum 16 stærstu skráningarsafnanna.

4. Bibliotekstjänst er hlutfélag sem þjónustar bókasöfn, einkum almennings- og skólabókasöfn, sbr. [http://www.btj.se/om\\_oss/index.html](http://www.btj.se/om_oss/index.html). Þetta fyrirtæki er í eigu BTJ og hefur um 500 starfsmenn; systurfyrirtæki þess er Infodata með um 900 starfsmenn. Þessi fyrirtæki starfa í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi við bóka- og tímaritadreifingu og tengda þjónustu.

5. Skv. munnlegum upplýsingum frá Christian Zeising (símtal 13.6.2005).

6. KB – ett nav i kunskapsområdet. Kungl. biblioteket – Sveriges nationalbibliotek: Verksamhet och visioner. Stockholm 2003. SOU 2003:129.

Einnig er starfandi 35 manna skráningarráð og fleiri nefndir í tengslum við kerfið.

Libris er fjármagnað af menntamálaráðuneytinu og kostar um 20 milljónir sænskra króna (um 190 milljónir íslenskar) á ári.

## Danmörk

Hjá Dönnum starfar svonefnd Bókasafnastofnun (Biblioteksstyrelsen) á vegum menningarmálaráðuneytisins og er henni meðal annars ætlað að styðja þróun rannsóknarbókasafna. Helsta fyrirtækið á þessum vettvangi er hins vegar Dansk BiblioteksCenter (DBC) sem sér um dreifingu bókfræðiupplýsinga til danskra bókasafna. DBC var stofnað árið 1991 eftir að forveri þess varð gjaldþrota. Skiptist það í tvær deildir og er önnur deildin í eigu ríkisins (29%), Sambands sveitarfélaga (46%), Kaupmannahafnarborgar (11%) og bókaforlagsins Gyldendal (14%), en hin deildin, DBC medier, er í eigu Sambands sveitarfélaga og Gyldendal. Starfsmenn eru um 160.<sup>7</sup> DBC er rekið út frá viðskiptasjónarmiðum, enda ekki eingöngu í eigu opinberra aðila.<sup>8</sup> Að því leyti má segja að Danir hafi gengið skrefi lengra en Íslendingar, þar sem Landskerfi bókasafna er alfarið í eigu opinberra aðila. Á vegum þessa fyrirtækis er aðgangur að gagnagrunnum, svo sem BIBSYS, Libris og WorldCat frá OCLC. DBC medier dreifir gögnum, veitir aðgang að bókasafnskerfum, veitir ráðgjöf og dreifir efni til útlána líkt og Bibliotekscentralen í Noregi og er e.t.v. að hluta sambærilegt við Þjónustumiðstöð bókasafna hér og BTJ í Svíþjóð.

DBC ber ábygd gagnvart ríki og sveitarfélögum á rekstri DanBib, en það er samskrá danskra rannsóknar- og almenningsbókasafna. Í þessu sérsníðnaða kerfi er hægt að skrá, leita, staðsetja gögn, biðja um lán og millisafnalán. Aðildarsöfn senda upplýsingar um staðsetningu (eintakeign) til hins miðlæga kerfis, en einstök söfn reka þar fyrir utan eigin bókasafnskerfi til útlána.

Aðgangur að DanBib krefst áskriftar. Biblioteksstyrelsen greiðir aðildargjald fyrir söfn í ríkiseigu í einu lagi og er heildarkostnaðurinn fyrir árið 2004 6,5 milljónir danskra króna (eða um 70 milljónir íslenskar) og þar af koma 4,8 milljónir beint frá eigin fjárveitingu Biblioteksstyrelsen en 1,7 frá aðildarsöfnum í eigu ríkisins.

Nýlega hefur DBC komið á fót fagraði með fulltrúum frá bókasöfnunum og er þróunaráætlun þeirra send árlega til umsagnar hjá bókasöfnum.<sup>9</sup>

Bibliotek.dk er aðgangsfrítt gagnasafn sem veitir upplýsingar um eign opinberra, danskra bókasafna og

7. Upplýsingar um þetta, sjá [http://www.dbc.dk/top/top\\_introduktion.html](http://www.dbc.dk/top/top_introduktion.html)

8. Um þetta, sjá Mogens Brabrand Jensen: Staten som aktionær. Í *DBC-avisen*, 01-forår 2005.

9. Sjá nánar ársskýrslu DBC á vefnum: [http://www.dbc.dk/top/top\\_360\\_grader.html](http://www.dbc.dk/top/top_360_grader.html)

gefur kost á uppfléttingu í DanBib. Þar er líka hægt að panta safngögn. Þetta kerfi er þróað og rekið af DBC en Biblioteksstyrelsen ákveður þróunarrámmann. Kerfið er unnið eftir áætlun sem er hluti af samningi milli Biblioteksstyrelsen og Dansk BiblioteksCenter og má skoða þá áætlun á vefsíðunni www.bs.dk. Kerfið er kostað af ríkinu og var kostnaðurinn árið 2004 8,9 milljónir danskra króna (eða um 94 milljónir íslenskar).

Í Danmörku er til Danmarks Elektroniske Forskningsbibliotek (DEF) sem fékk fjárveitingu að upphæð 200 milljónir danskra króna fyrir tímabilið 1998-2002, sem sagt til fimm ára, en árið 2003 var rekstrinum komið í fastara form og hann settur á fjárlög. Framlagið fyrir árið 2003 nam 11,6 milljónum danskra króna (um 123 milljónir ísl. króna); þessi starfsemi á sér hliðstæðu hér í hvar.is.

Þess má geta að Konungsbókhlaðan í Kaupmannahöfn notar Aleph 500 eins og þjóðbókasöfnin í Stokkhólmi og Reykjavík. Við bókasafnskerfi Konungsbókhlaðunnar eru 5 stöðugildi og sjá þeir menn um Aleph, SFX og MetaLib. Að sögn Anders Christensens, yfirmanns tölvudeildarinnar, þjónusta þeir 57 bókasöfn og eru milli 5 og 6 milljón titlar í kerfinu. Þeir hýsa bókasafnskerfi sitt hjá eigin tölvudeild. Biðlaraleyfi þeirra eru 175 talsins.<sup>10</sup>

Bókasafnið selur rannsóknarsöfnum aðgang að Aleph-kerfi sínu og er þannig í samkeppni við birgi sinn, Fujitsu, en Fujitsu rukkar þó þessi söfn um eitthvert þjónustugjald líka. Á hinn bóginn keppir KB líka við DBC sem einnig selur aðgang að sínu kerfi.

## Finnland

Hjá Finnum er háskólabókasafnið í Helsinki jafnframt þjóðbókasafn landsins og sér um rekstur Linnea-samskránnar. Hér er farið líkt að og í Svíþjóð: aðildarsöfn skrá í staðbundið safn sitt og senda svo færsluna í samskrána.

Linnea er fjármögnuð annars vegar með greiðslum frá menntamálaráðuneytinu og hins vegar með tekjum af notkun á samskránum. Þau söfn sem skrá í Linnea geta notað kerfið án endurgjalds, en önnur söfn þurfa að gera samning við háskólabókasafnið í Helsinki og greiða fyrir leitir og afritun færslna.

Helsinkiháskóli ber ábyrgð á Linnea-netinu sem byggist á samskránum og staðbundnum skráum á háskólabókasöfnunum og nokkrum safnskrám í viðbót. Öll Linneasöfnin nota sama bókasafnskerfi, og var sett á fót sameyki (konsortium) 20 háskólabókasafna, safni Ríkisdagsins og varaeintakasafninu, til að endurnýja bókasafnskerfið um aldamótin síðustu, og notar það nú Voyager kerfið til útlána. Önnur söfn geta fengið aukaáild. Sameykinu er stjórnað af sjö mönnum, og er einn frá háskólabókasafninu í Helsinki og fimm yfirbókaverðir; einnig starfa faghópar á vegum þess. Háskólarnir fjármagna sjálfir bæði hugbúnað og hýsingu vegna þessa kerfis.

Á sviði rafræna gagnagrunna hafa Finnar svonefnt FinELib sem var komið á laggirnar árið 1997 og hefur frá 2000 verið hluti af starfsemi háskólabókasafnsins í Helsinki. Árið 2001 var stofnað sameyki um reksturinn og í því eru allir háskólarnir, almenningsbókasöfn og rannsóknarstofnanir. FinELib annast samningsgerð við efnisveitur og vinnur að bættu aðgengi að gögnum á vefnum. FinELib er kostað af menntamálaráðuneytinu og af einstökum stofnunum. Árið 2003 voru samtals lagðar um 10 milljónir evra til rekstrarins (790 milljónir króna) og kom þriðjungur þess fjár frá ráðuneytinu.

Sérfræðingur hjá háskólabókasafninu í Helsinki, Juha Hakala að nafni, veitti nánari upplýsingar um gagnamagn og starfsmannafjölda hjá þeim.<sup>11</sup> Í samskrá þeirra kvað hann vera um 4,4 milljónir titla, en alls um 30 milljónir titla í kerfinu. Við kerfið vinna 34 starfsmenn. Fjöldi samtímanotenda er ekki takmarkaður af hálfu kerfisins eða seljanda þess, sagði Juha, og væru oft 2-3.000 biðlarar í notkun í einu.

Af þessum 34 sem vinna við kerfi þeirra vinna 10 við umsjá rafræna gagna. Kerfin eru rekin í tveim sameykjum sem rannsóknar- og háskólabókasöfn standa að, alls 57 söfn. Fjórir starfsmenn vinna við hýsinguna sem að gagnamagni er um 4 terabæti eða fjórfalt á við gagnamagn Gegnis. Hýsing kerfanna var boðin út og kom hún í hlut ríkisfyrirtækis sem Hakala kallaði á ensku National Supercomputing Center og er sjálfsagt hliðstætt við Skýrr eins og það var forðum daga hjá okkur.

## Rekstrarform

Í norsku skýrslunni er rætt um rekstrarform og samkeppni. BIBSYS er skilgreint sem mikilvægur þjóðlegur infrastruktuur fyrir rannsóknir og æðri menntun í landinu. Þó að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið og Evrópubandalagið séu í meginatriðum á móti ríkisstyrkjum, er ekki fundið að því að ríkið haldi við nauðsynlegum infrastruktuur á borð við þjóðbókaskrár. Höfundar norsku skýrslunnar hefðu þó mátt gera skarpari greinarmun á þeirri mikilvægu þjóðareign sem felst í þjóðbókaskrá annars vegar og þeim hugbúnaðarkerfum sem geta nýtt þau gögn hins vegar. Ekki er hægt að ætlast til að reknar sé margar þjóðbókaskrár í samkeppni, ekki frekar en við höfum til dæmis margar þjóðskrár. En þar með er ekki sagt að hafa þurfi ríkisstofnun sem framleiðir þann hugbúnað sem veitir aðgang að þessum gögnum. Þegar er fyrir hendi líflægur samkeppnismarkaður á sviði bókasafnskerfa og virðist líklegt að ríkisstyrkir til smíði slíks búnaðar stríði gegn alþjóðasamningum.

Höfundar norsku skýrslunnar telja mikilvægt að fagadilar á vegum safna hafi áhrif á stjórn BIBSYS, ekki síst í ljósi þess að hér er um þjóðbókaskrá að ræða. Þeir mæla með að stofnuninni verði breytt í hlutafélag og að eitt

10. Heimild: Símtal við Anders Christensen 16.6.2005.

11. Heimild: Símtal 16.6.2005.

ráðuneyti fari með hlutina. Með því að gera hana að hlutafélagi stæðu Norðmenn jafnfætis Íslendingum sem þegar hafa stofnað Landskerfi bókasafna hf. um sitt miðlæga bókasafnskerfi. Höfundarnir vara við dreifðri eignaraðild í svona félagi, þar sem óvirk eign kæmi félaginu ekki til góða. Þess vegna mæla þeir frekar með að ráðuneytið eigi félagið en að hlutum sé dreift á aðildarsöfnin. Hins vegar benda þeir á að fulltrúar safna geti setið í stjórn félagsins fyrir hönd ráðuneytisins, og þannig háttar einmitt til hjá Landskerfi bókasafna.<sup>12</sup>

Á veraldarvefnum má finna álitserð frá stjórn háskóla-bókasafnsins í Björgvin þar sem brugðist er við fyrrgreindri skýrslu um BIBSYS. Björgvinjarmenn telja að hlutverk ráðgjafanefnda sem starfað hafi í tengslum við BIBSYS sé svo óljóst að best sé að leggja þær niður og leyfa hinu væntanlega hlutafélagi sjálfu að ráða því hvernig það nái sambandi við notendur. Þessir álitsergjafar sjá líka sem er að þróunin hljóti að verða í átt að tilbúnum bókasafnskerfum (á borð við Aleph) fremur en sérþróuðum (á borð við BIBSYS), en jafnframt styðja þeir að áfram sé rekið miðlægt bókasafnskerfi á miðlægum þjóni til hagsbóta fyrir aðildarsöfnin. Meta þurfi hvort heppilegast sé að leggja BIBSYS ILS niður og taka upp annað kerfi í staðinn. Óskir bókasafnsins við Björgvinjarháskóla varðandi þróun norska landskerfisins eru dregnar saman svona:

Að fyrirtækið sem rekur landskerfið veiti faglega þjónustu; að það veiti þjónustu sem stenst kröfur um gæði og hagkvæmni á alþjóðlegum markaði; að það geti aðstoðað safnið við val á þjónustu; að það sé vel skipulagt og verkaskipting innan þess sé skýr; að það sýni mikla faglega færni og þjónustulund; að það leyfi stóru bókasöfnunum að hafa áhrif á stefnumótun sína og þjónustu; að það hafi líkt svigrúm meðal annars varðandi þróun höfundarvarinna sérlausna og keppinautarnir.<sup>13</sup>

## Samanburður

Ekkert hinna Norðurlandanna hefur heildstætt kerfi á borð við BIBSYS, segir í norsku skýrslunni, heldur sé þar byggt á blöndu af miðlægum og staðbundnum kerfum. Þessi orð benda til að höfundum sé ekki kunnugt um að Gegnir hinn íslenski, sem byggir á Aleph 500, er einmitt miðlægur bókræðigrunnur sem býður upp á útlán og aðföng eins og BIBSYS hinn norski. Hjá Dönum, Svíum og Finnum eru annars vegar miðlægir bókræðigagnagrunnar og hins vegar staðbundin eða dreifð kerfi sem halda utan um útlán, aðföng og fleira. Bókræðiskráning er þá yfirleitt

12. Þetta sjónarmið sem fram kemur á bls. 38 í skýrslunni virðist reyndar stangast á við þá tillögu nefndarinnar sem fram kemur á bls. 8 að stjórn BIBSYS skuli skipa með það í huga að fá breiða þekkingu (bred kompetanse) og ekki út frá því hver er fulltrúi hvers (representativitet).

13. Universitetsbiblioteket i Bergen. Sjá <http://www.ub.uib.no/felles/organ-styr/styre/2005/S04-2005.htm>

framkvæmd í dreifðum kerfum og gögnin send í miðlæga kerfið; svo geta aðildarsöfn sótt gögn í miðlæga kerfið til að spara sér skráningarvinnu. Almennt talað er starfsemi bókasafna á mjög háu stigi hjá frændþjóðum okkar, sem kunnugt er. En þegar litið er til miðlægra bókasafnskerfa má segja að við stöndum okkur þolanlega í samanburði. Við erum að minnsta kosti um það bil að ná því markmiði að tengja öll helstu bókasöfn landsins einni bókræðilegri samskrá í einum gagnagrunni, auk þess sem mikið hagræði er að því fyrir okkur að geta nýtt eitt og sama kerfið fyrir miðlæga samskrá og útlán.

Ef gera ætti samanburð við Ísland á grundvelli þess sem ofan greinir mætti segja þetta:

**1. Rekstrarform:** Íslendingar hafa þegar komið rekstri miðlægs bókasafnskerfis í hendur hlutafélags, eins og stefnt er að í Noregi. Danir reka sitt miðlæga kerfi með hlutafélagi sem er í eigu bæði opinberra aðila og einkaaðila, en segja má að rekstur samskrár hjá Svíum og Finnum sé að mestu í höndum ríkisins. Með nokkurri einföldun má því segja að einkavæðing þessarar starfsemi liggja á línu- legum ási frá austri til vesturs og sé mest í vestri en minnst í austri.

**2. Hýsing:** Hýsing er boðin út hér og í Finnlandi en í Finnlandi lenti hún hjá ríkisfyrirtæki. Því getum við talist vel stödd hér hvað þetta atriði varðar, telji menn útvistun svona þjónustu á annað borð æskilega. Reynsla Landskerfis bókasafna bendir reyndar til að útboð hýsingar sé mjög fýsilegur kostur ef virkur samkeppnismarkaður er fyrir hendi.

**3. Sameiginleg skráning:** Skráning virðist betur skipulögð í grannlöndunum en hjá okkur. Þar gilda samningar meðal annars um að söfn sem leggja færslur í kerfið skuli fá að sækja sér færslur án endurgjalds. Þar sem mörg söfn kunna að leggja sömu færslu í kerfið glíma þeir við krónískt tvítakavandamál af líkum toga og við kynntumst hér árið 2004 þegar bókræðigrunnur Fengssafnanna hafði verið sameinaður bókræðigrunni Gamla-Gegnir. Þar sem við höfum nú eina sameiginlega bókræðiskrá, þurfa íslensk söfn ekki að sækja til sín færslur sérstaklega. Hins vegar þurfum við kannski að koma vinnu við samskrána í fastari farveg með samningi milli bókasafna um það efni, auk þess sem skoða mætti hvort einhvers konar útvistun gæti orðið þar til góðs. Mikið hefur verið skrifað um útvistun verkþátta á bókasöfnum og um útvistun bókasafnsþjónustu í heilu lagi og má margt af þeim skrifum læra.<sup>14</sup>

14. Hér má benda á bók sem Bradford Lee Eden ritstýrir: *Innovative redesign and reorganization of library technical services: Paths for the future and case studies*. Westport (Libraries Unlimited) 2004. Útvistun skráningar á sér langa hefð en reynslan af henni er tvíþent, eins og fram kemur í grein Katherine A. Libby og Dana M. Caudle, A Survey on the Outsourcing of Cataloging in Academic Libraries, birt í *College & Research Libraries*, November 1997, bls. 550-560. Hvers konar útvistun eða einkavæðing getur að sjálfsögðu verið viðkvæmt mál bæði frá sjónarmiði starfsmanna bókasafna og frá pólitísku sjónarmiði.

Land	Nafn þjóðbókaskrár	Vefgátt hennar	Miðlægt bókasafnskerfi
Ísland	Gegnis	gegnir.is	Aleph 500: skráning, leit, aðföng, útlán, millisafnalán.
Danmörk	DanBib	bibliotek.dk	DanBib: skráning, leit, millisafnalán.
Noregur	Bibsys	bibsys.no	Bibsys: Skráning, leit, aðföng, útlán, millisafnalán.
Svíþjóð	Libris	websok.libris.kb.se/websearch/form	Voyager: skráning, leit, millisafnalán.
Finnland	Linnea	helka.linneanet.fi/webvoye.htm	Voyager: skráning, leit, millisafnalán.

Tafla 1. Miðlægt bókasafnskerfi á Norðurlöndum.

Bókfræðiskrá Gegnis, samskráin sem slík, er vinnutæki margra og ólíkra safna og við rekstur hennar þarf að setta ólík sjónarmið. Líkur eru á að þetta samstarf gangi betur ef það er vel skipulagt.

**4. Gagnaveitur:** Vert er að vekja athygli á því að fjármögnun gagnaveitna á borð við hvar.is virðist vera í fastara formi hjá grannþjóðunum en okkur. Nú nýlega mun þó hafa verið gerð bragarbót á því hér heima. Í stefnu menntamálaráðuneytisins, sem áður var vísað til, kemur fram að Landskerfi bókasafna er ætlað að auka aðgengi almennings að vísindalegum gagnagrunnum á Internetinu og væri æskilegt að hrinda því verkefni í framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

## Stefnumótun

Þessi litla athugun á miðlægum bókasafnskerfum á Norðurlöndum leiðir hugann að því að tímabært er að móta heildstæða stefnu fyrir alla bókasafnastarfsemi í landinu. Svíar hafa skjalfest vandaða stefnumótun fyrir Konungsbókhöðuna og hliðstæð vinna hefur verið unnin hjá Landsbókasafni-háskólabókasafni hér. En skoða þarf starfsemi safna og gagnaveitna í heild, og Svíar hafa lýst eftir heildstæðri stefnumótun fyrir allan bókasafnageiran.<sup>15</sup> Sama mætti gera hér.

Slík stefnumótun gæti verið á þeim grundvelli sem fram kemur í bæklingi menntamálaráðuneytisins en þó þarf miklu meira til og mætti horfa til Dana og Norðmanna í því efni. Söfnin þurfa að vinna sem mest saman, til að mynda í millisafnalánum. Þegar notandi flettir upp bók í Gegni og sér að hún er ekki til í heimabyggð hans heldur í næsta bæjarfélagi á bókavörðurinn umsvifalaust að geta pantað bókina fyrir lánþegann og leikreglur um það efni, svo sem hver greiðir burðargjaldið, eiga að liggja ljósar fyrir og helst vera samræmdar fyrir allt landið. Notandi sem finnur áhugaverða bók í Gegni en getur svo ekki pantað hana að láni á vefnum eða á safninu sínu, upplifir það eins og hann sé svangur að lesa girnilegan matseðil á veitingastað þar sem ekki er hægt að kaupa mat. Hérumbil öll þau 400 bókasöfn

sem eru í landinu eru kostuð af almannafé og þjóna því sama húsbónda í reynd, þjóðinni. Það er alveg sama hvað fjörðurinn eða víkin heitir þar sem safnið stendur, því á að vera kappsmál þess að koma safnkosti sínum í hendur notendum, hvar svo sem þeir búa á landinu. Þetta er spurning um að krækja sér í lesendur, með ráðum og dáð.

Millisafnalán eru hér tekin sem dæmi um þann nýja veruleika sem blasir við bókasöfnum. En rafrænu gagnasöfnin eru að sjálfsgöðu hluti af sömu mynd. Þróunin hlýtur að vera í átt til aukins samstarfs og samtengdra kerfa með sterkri áherslu á að koma til móts við kröfuharða og vefvædda notendur.

Sú þjónusta sem bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar veita þarf að vera snurðulaus eða eins og segir í norski skýrslu: „Hugsjónin er að veita bókasafnsþjónustu sem er eins snurðulaus og frekast er unnt, þannig að menn geti notað hvaða tegund bókasafns sem er án tillits til þarfa sinna“.<sup>16</sup> Þessi orð eru frekar áréttuð í norski skýrslu frá 2003 þar sem segir: „Það að skapa snurðulausa bókasafnsþjónustu verður höfuðmarkmið þróunar í bókasafnsgeiranum á næstu árum. Höfuðregla þessarar þróunar verður í reynd sú að notendur fái auðveldan aðgang að gagnaveitum sem samræmdar eru fyrir landið allt, þvert á mörk stofnana og stjórnsýslueininga“ (sama heimild). Eitt af því sem þessi greinarhöfundur sér fyrir sér er að notað verði eitt bókasafnskort fyrir allt landið, og við Íslendingar erum furðu nærri því að vera tæknilega fær um að gera þann draum að veruleika hér heima, þökk sé Gegni. Notendur Gegnis hafa nú gjarnan eitt og aðeins eitt bókasafnskort, því notandaauðkenni þeirra er jafnan kennitala þeirra. Hins vegar er ekki þar með sagt að notandi hafi lánþegarétt í öllum söfnum, og vitaskuld hlýtur mörgum notendum að finnast það dálítið skrýtið að hafa lánþegakort í safni en þó engin réttindi. Hér væri eðlilegt að taka tillit til notenda og veita þeim réttindi á einu bretti í öllum söfnum sem aðild eiga að Gegni um leið og þeir greiða lánþegagjald í einu safnanna. Þessu mætti koma á ef stjórnendur safna tækju höndum saman. En snurðulaust bókasafn felur líka í sér

15. Sbr. Birgitta Modigh: Toward a national library strategy. *Scandinavian Public Library Quarterly*, vol. 36, no. 3, 2003. Sbr. [http://www.splq.info/issues/vol36\\_3/01.htm](http://www.splq.info/issues/vol36_3/01.htm)

16. Tilvitnun hjá Öystein Reiersen: Joint library Card Project. *Scandinavian Public Library Quarterly*, Vol. 38, no. 3, 2005. Sjá [http://www.splq.info/Issues/vol38\\_3/06.htm](http://www.splq.info/Issues/vol38_3/06.htm). Snurðulaust bókasafn er þýðing á „seamless library“ og „sømløst bibliotek“.

að notendur safna á vefnum geti skráð sig inn á Gegni og fengið þar greiðan aðgang að þeim rafrænu safngögnum sem þeir eiga rétt á.

Í bæklingi menntamálaráðuneytisins er málið skoðað með fleiri söfn en bókasöfn í huga og getur vel verið að það sé nauðsynlegt. Æskilegt er að einhvers konar samræmi eða samstarf sé á milli gagnaveitna á borð við listasöfn, minjasöfn og ljósvakamiðla. Bækur eru mikilvægur þáttur þekkingarmiðlunar en ekki sá eini og allar þekkingarstofnanir sem veita gögnum til almennings um Internetið standa að nokkru leyti í svipuðum sporum.

Stofnun og rekstur Landskerfis bókasafna var og er viðleitni til að taka myndarlega og á heildstæðan máta á málefnum bókasafna, og þessu fyrsta skrefi þarf að fylgja fast eftir með frekari samvinnu safnanna og skýrri stefnu sem tekur bæði til safna og nátengdra þjónustuaðila á borð við Landskerfi bókasafna.

## Heimildir

*Allar vefsíður sem hér er vitnað til voru tiltækar 1. febrúar 2006.*

Biblioteken.fi: [www.biblioteken.fi](http://www.biblioteken.fi)

Bibliotekstjänst: [www.bjtj.se](http://www.bjtj.se). Um fyrirtækið, sjá [http://www.bjtj.se/om\\_oss/index.html](http://www.bjtj.se/om_oss/index.html)

BIBSYS: [www.bibsys.no](http://www.bibsys.no). Upplýsingar um eignarhald o.fl.: <http://www.bibsys.no/bibsys/bibsysshva.htm>

BIBSYS: Framtidig organisering og oppgaver. Innstilling fra et arbeidsutvalg oppnevnt av Utdannings- og forskningsdepartementet, 3. mars 2004. Avgitt 30. november 2004. Sjá <http://www.bibsys.no/bibsys/bibsysutredning2004.pdf> og [http://odin.dep.no/filarkiv/229007/bibsys\\_utredning\\_2004.pdf](http://odin.dep.no/filarkiv/229007/bibsys_utredning_2004.pdf)

Christensen, Anders: Samtal 16.6. 2005.

Dansk BiblioteksCenter (DBC): [www.dbc.dk](http://www.dbc.dk). Um fyrirtækið, sjá [http://www.dbc.dk/top/top\\_introduktion.html](http://www.dbc.dk/top/top_introduktion.html). Ársskýrsla, sjá [http://www.dbc.dk/top/top\\_360\\_grader.html](http://www.dbc.dk/top/top_360_grader.html)

Hakala, Juha: Símtal 16.6. 2005.

Jensen, Mogens Brabrand: Staten som aktionær. Í *DBC-avisen*, 01-forår 2005. Sjá <http://www.dbc.dk/DBCavisen/pdf/avis0105.pdf>

*KB – ett nav i kunskapsambället. Kungl. biblioteket — Sveriges nationalbibliotek: Verksamhet och visioner.* Stockholm 2003. SOU 2003:129.

Konungsbókhláðan Kaupmannahöfn: [www.kb.dk](http://www.kb.dk)

Konungsbókhláðan Stokkhólmi: [www.kb.se](http://www.kb.se)

Libby, Katherine A. og Dana M. Caudle, A Survey on the Outsourcing of Cataloging in Academic Libraries, birt í *College & Research*

*Libraries*, November 1997, bls. 550-560. Sjá <http://www.ala.org/ala/acrl/acrlpubs/crljournal/backissues1997b/november97/libby.pdf>

Reiersen, Øystein: Joint library Card Project. *Scandinavian Public Library Quarterly*, Vol. 38, no. 3, 2005. Sjá [http://www.splq.info/Issues/vol38\\_3/06.htm](http://www.splq.info/Issues/vol38_3/06.htm)

*Stefna menntamálaráðuneytisins um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008.* Sjá <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/aredi.pdf>

Universitetsbiblioteket i Bergen: Møte i Universitetsbibliotekets styre 03.03. 2005 sak S 04/2005. Sjá <http://www.ub.uib.no/felles/organstyr/styre/2005/S04-2005.htm>

Zeising, Christian: Símtal 13.6. 2005.

## Abstract Centralized library systems in the Nordic countries

As a part of a discussion on the organizational form of The Icelandic Library Consortium Inc. (Landskerfi bókasafna hf.), which runs a joint library system for approximately 200 libraries in Iceland, information was collected about centralized library systems in the other Nordic countries. The proposed reorganizations of BIBSYS in Norway and LIBRIS in Sweden are described briefly, and so are the systems in Denmark (Danbib) and Finland (Linnea). Information is provided about access to on-line databases in these countries, on hosting, cost, number of client licenses and number of employees involved. When comparing organizational forms, the author finds that outsourcing and privatization in running the centralized systems is in a way more advanced in the western part of the region (Denmark, Iceland) than in the eastern part (Finland, Sweden). It is suggested that Iceland may be able to learn a lesson from its neighbors in organizing cooperative cataloging. In a concluding section, the author calls for a national strategy for libraries and on-line databases in Iceland, where cooperation across administrative boundaries would be emphasized. A new strategy should among other things recommend smooth organization of inter-library loans, a seamless library with unified, high quality Internet access to on-line databases and a single library card which through a single payment provides for borrower privileges in all of Iceland's libraries at the same time.